

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

*Nýtt deiliskipulag fyrir Hamarshöfn.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum 18. júní sl. nýtt deiliskipulag fyrir Hamarshöfn. Skipulagið felst í að gert er ráð fyrir viðlegurými fyrir 60-70 báta í Hafnarfjarðarhöfn og rými fyrir stærri þjónustu- og farþegabáta við ytri flotbryggju auk byggingarreits fyrir veitingasölu og miðasölu fyrir hvalaskoðunarbáta.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 41. gr. ofangreindra laga.

Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Hafnarfirði, 25. ágúst 2025.*

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs,  
**Anna Margrét Tómasdóttir** verkefnastjóri.

---

B deild - Útgáfudagur: 26. ágúst 2025